



Meiri hagvexti spáð í viðskiptalöndum Íslands

Verðbólga fer nokkuð vaxandi í viðskiptalöndunum en verður minni en áður hafði verið spáð


Hagvaxtarhorfur í heiminum eru betri nú en í apríl síðastliðnum að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Sjóðurinn gerir almennt ráð fyrir meiri hagvexti á evrusvæðinu, Japan, nýmarkaðsríkjum Asíu og Evrópu en hann vænti í apríl síðastliðnum. Á móti betri horfum á þessum svæðum hafa horfurnar versnað í Bandaríkjunum og Bretlandi. Þetta kemur fram í nýuppfærðu mati sjóðsins á hagvaxtarhorfum í heiminum. Í efnahagsspá AGS kemur jafnframt fram að fullum efnahagsbata hafi ekki enn verið náð því þrátt fyrir að spáð sé meiri hagvexti í heiminum í heild sé vöxtur í mörgum ríkjum enn veikur og verðbólga enn fyrir neðan markmið í flestum þróaðri ríkjum.

Hýrnar yfir viðskiptalöndum Íslands


Hagvaxtarhorfur í helstu viðskiptalöndum Íslands hafa batnað frá því í apríl. Þannig er gert ráð fyrir 2,4% hagvexti á þessu ári og 2,3% á næsta ári¹ í helstu viðskiptalöndum Íslands. Til samanburðar gerði AGS ráð fyrir að hagvöxturinn yrði 2,2% á þessu ári og 2,1% á næsta ári í apríl síðastliðnum. Spá sjóðsins nú er jafnvel enn betri sé horft aftur til þess hverju sjóðurinn spáði í október á síðasta ári en þá gerði hann ráð fyrir 1,9% hagvexti á þessu ári og 2% á næsta ári. Horfur fyrir árin 2019 og 2020 hafa lítið breyst á undanfögnu ári enda jafnan gert ráð fyrir því í spám sjóðsins að nokkur ár fram í tímann taki við vöxtur nálægt langtímameðaltali.

Reiknað með ögn minni vexti í Bandaríkjunum og Bretlandi en áður var spáð

Verði veginn meðalhagvöxtur í viðskiptalöndunum 2,4% er það meira en í fyrra þegar hann nam 2,1% en sami vöxtur og árið 2015 sem þá mældist 2,4%. Hagvöxturinn var hins vegar 2,7% árið 2014. Áhrif aukins hagvaxtar viðskiptalandanna frá því í aprílspá AGS má rekja til breytinga á spám fyrir



Áhrif einstakra landa til breytinga í hagspá AGS



¹ Hagvöxtur viðskiptalandanna er veginn með hlutdeild þeirra í heildar inn- og útflutningi milli Íslands og þessara landa.



nokkur lönd en áhrif Hollands eru þar áberandi mest². Á eftir Hollandi koma nokkur lönd öll með svipuð áhrif; Þýskaland, Kanada, Danmörk og Spánn. Þegar litið er til þeirra landa sem draga spána fyrir viðskiptalöndin hvað mest niður eru Bretland og Bandaríkin áberandi. Þessi tvö lönd eru einhver stærstu viðskiptalönd Íslands en rúmlega 30% af utanríkisviðskiptum Íslands eru við þessi tvö lönd. Bandaríkin eru langmikilvægasta viðskiptaland íslenskrar ferðapjónustu en um 31% af heildarútflutningi ferðapjónustu er keyptur af Bandaríkjamönnum. Í öðru sæti kemur Bretland með 11,3% af útflutningi. Samanlagt eru þessi tvö lönd því með rúmlega 42% af heildarútflutningi ferðapjónustu.


Gert ráð fyrir minni hagvexti í Bandaríkjunum bæði árin 2017 og 2018

Gert er ráð fyrir að hagvöxtur í Bandaríkjunum verði 2,2% á þessu ári, en áður hafði verið gert ráð fyrir 2,3% hagvexti. Meiri breyting hefur orðið á spánni fyrir Bretland en nú er gert ráð fyrir 1,7% hagvexti borið saman við aprílspánnu sem gerði ráð fyrir 2% hagvexti. Þarna á móti kemur að gert er ráð fyrir 1,5% hagvexti á Bretlandi á næsta ári sem er örlítið meira en spáð var í apríl. Hagvöxtur verður 2,3% í Bandaríkjunum á næsta ári ef spá AGS gengur eftir en spá sjóðsins frá því í vor gerði ráð fyrir 2,5% hagvexti.

Gert er ráð fyrir að verðbólga fari vaxandi


Gert er ráð fyrir að verðbólga í viðskiptalöndunum verði umtalsvert meiri á þessu og næstu árum en verið hefur. Samkvæmt spá AGS verður 1,7% verðbólga í viðskiptalöndum Íslands á þessu ári en hún fer svo upp í 1,8% á næsta ári og 2% árið 2019 og verður síðan á svipuðum slóðum á árunum 2020-2022. Gangi spá AGS fyrir verðbólgunu á þessu ári eftir verður þar um að ræða mestu verðbólgu í viðskiptalöndum Íslands frá árinu 2012 þegar hún nam 2,2%. Eitt af því sem stutt hefur við mjög svo hagstæða verðbólgu hér á landi á undanförunum árum hefur verið lítil verðbólga í viðskiptalöndunum. Þarna kunna að verða breytingar á þó. Ekki er þó viðbúið að áhrifin verði mikil en einhver þó.

Vægi landa í utanríkisviðskiptum Íslands



Sýnir þau 12 lönd sem eru með mesta vægið árið 2016 %
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Verðbólga og spá fyrir viðskiptalöndin



Heimild: AGS

² Hér er þó rétt að benda á að mestum hluta þess áls sem framleitt er hér er skipað upp í Hollandi en svo flutt þaðan áfram til ýmissa landa og hefur því ekki endanlega viðkomu í Hollandi. Vægi Hollands er því af þessum sökum í raun ofmetið í þessum útreikningum



Verðbólguspáin hefur þó verið færð niður á við en þar veга áhrif Bandaríkjanna mest

Verðbólguspá AGS fyrir viðskiptalönd Íslands hefur lækkað frá því í apríl en þá gerði sjóðurinn ráð fyrir að verðbólgan yrði 1,9% á þessu og næsta ári. Það sem helst hefur haft áhrif til lækkunar spárinnar er að gert er ráð fyrir að verðbólga í Bandaríkjunum verði 2,1% á þessu ári borið saman við 2,6% í aprílspánni. Af öðrum löndum sem helst hafa áhrif til lækkunar spárinnar er Bretland en gert er ráð fyrir að verðbólga þar í landi verði 2,6% á þessu ári borið saman við 0,7% á síðasta ári. Aukningu verðbólgunnar má helst rekja til mikillar gengisveikingar pundsins í kjölfar ákvörðunar naums meirihluta bresku þjóðarinnar um útgöngu úr Evrópusambandinu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.